




Byggingarflokkurinn Kópavogur 1



Kópavogstún 2-4, 200 Kópavogi



Samtök aldraða eru að kanna áhuga félagsmanna á að vera með í byggingarflokki um byggingu á 28 íbúða fjölbýlishúsi við Kópavogstún 2-4 í Kópavogi.





Viljayfirlýsing vegna byggingar fjölbýlishúss við Kópavogstún 2-4 Kópavogi



Undirritun viljayfirlýsingar um áhugakönnun meðal félagsmanna samtakanna um byggjenda þátttöku í húsinu Kópavogstúni 2-4 Kópavogi að viðstaddir forseta þjarstjórnar Kópavogs. Guðmundur R. Guðmundsson Dverghamri ehf., Magnús Jóhannes Sigurðsson Dverghamri ehf., Jason Guðmundsson hdl., Ingólfur Antonsson samtökum aldraðra, Guðríður Arnardóttir forseti bæjarstjórnar Kópavogs og Erlingur Garðar Jónasson Samtökum aldraðra.

Eins og kunnugt er hafa Samtök aldraðra um nokkurt skeið leitað að ákjósanlegum búsetukosti fyrir félagsmenn sína og hefur meðal annars verið horft til nærliggjandi sveitarfélaga Reykjavíkur í því sambandi. Við þá athugun hafa vissulega margir valkostir komið til greina, en ljóst er að þörf á vel staðsettum og góðum íbúðum fyrir aldraða fer vaxandi með hverju árinu sem líður.

Samtök aldraðra hafa á undanförunum vikum átt í viðræðum við byggingarfélagið Dverghamra ehf. um byggingu á fjölbýlishúsi fyrir aldraða, 60 ára og eldri, á lóð félagsins við Kópavogstún 2-4 í Kópavogi. Sú vinna hefur gengið vel og hefur hún verið unnin í góðri sátt og í samvinnu við bæjaryfirvöld í Kópavogi. Lokið er við gerð frumdraga að teikningum og skilalýsingu fyrir bygginguna en það er skoðun allra hlutaðeigandi að staðsetning eignarinnar, skipulag íbúða og skilalýsing uppfylli þær ríku kröfur sem Samtökin gera varðandi allan aðbúnað fyrir félagsmenn sína.

Um er að ræða 28 íbúðir 78-190 fm. fullbúnar íbúðir með gólfefnum, ísskáp og uppþvottavél í sex hæða lyftuhúsi. Öllum íbúðum fylgir stæði í bílageymsla og sérgeymsla.

Lóðin er á svokölluðum Landsspítalareit við hlið hjúkrunarheimilisins Sunnuhlíð og í göngufæri við Sundlaug Kópavogs. Einnig er stutt í aðra góða þjónustu við aldraða, s.s. í Hamraborg.

Er það mikið fagnaðarefni að framundan hylli í nýtt og vandað hús á þessum vinsæla stað í nálægt hjarta Kópavogsbæjar. Vonast undirritaðir aðilar til þess að byggingu þessa nýja húsnæðis verði vel tekið af félagsmönnum en áætlaður byggingartími framkvæmdanna er 20-22 mánuðir frá því að samningar hafa verið undirritaðir.

Það er því mikið ánægjuefni fyrir Samtök aldraðra og Dverghamra ehf. að hafa undirrita þessa viljayfirlýsingu til staðfestingar á áætlun sinni um byggingu 28 íbúða við Kópavogstún 2-4 í Kópavogi, fyrir aldraða, hér í viðurvist fulltrúa bæjaryfirvalda í Kópavogi.



Nýr byggingarflokkur, nr. 1 í Kópavogi

Kópavogstún 2-4, 200 Kópavogi



Samtök aldraða eru að kanna áhuga félagsmanna á að vera með í byggingarflokki um byggingu á 28 íbúða fjölbýlishúsi við Kópavogstún 2-4 í Kópavogi.

Samtök aldraða eru að kanna áhuga félagsmanna á að vera með í byggingarflokki um byggingu á 28 íbúða fjölbýlishúsi við Kópavogstún 2-4 í Kópavogi sem Samtök aldraða í samvinnu við Dverg-hamra ehf., (stofnað árið 1986) hyggjast byggja fyrir 60 ára og eldri. Húsið er sex hæðir. Lóðin er á svokölluðum Landsspítalareit við hlið hjúkrunarheimilisins Sunnuhlíð, í göngufæri við Sundlaug Kópavogs og stutt í aðra góða þjónustu við aldraða. Á 1. hæð eru tvær 3ja herbergja íbúðir, geymslur, tæknirými, stór sameiginleg geymsla, bílgeymsla með 28 stæðum, dekkjageymsla og þvotta-aðstaða fyrir bíla.

- Á 2. til 5. hæð eru 26 íbúðir: 8 tveggja herbergja íbúðir merktar C, ca. 78 m²
- 16 þriggja herbergja íbúðir merktar A og B ca. 121 – 126 m².
- 2 fimm herbergja penthouse íbúðir merktar P ca. 189 m².
- Að auki er sérgeymsla á jarðhæð um 7 m²
- Stigahúsin eru tvö og eru bæði með lyftum.

Íbúðirnar afhendast fullbúnar með parketi á stofum og herbergjum og öryggisdúk á baðherbergi og þvottahúsi. Baðherbergi verða flísalögð í ca. 220 cm hæð. Allar íbúðirnar eru með sér þvottahús. Stærri íbúðirnar eru með fataherbergi og auka salerni.

Allar innréttingar og innihurðir verða spónlagðar með eikarspæni. Ísskápur/frystir og uppþvottavél eru í eldhúsinnréttingu.

Húsið verður einangrað að innanverðu, grófhúðað og sandspartlað. Útveggir eru hjúpaðir með kvasi að mestu. Stigahúsin eru einangruð að utanverðu og klædd með áli.

Sameign afhendist fullfrágengin. Stigahús teppalögð, flísar á anddyrum, mynddyrasími, brunaviðvörðunarkerfi. Póstkassar ásamt merkingum í aðalanddyrum.

Gangstígar fyrir framan húsið verða hellulagðir með snjóbræðslu. Bílastæði verða með snjóbræðslu. Lóðin verður að öðru leyti afhent með grasi.

Áætlað er að skila húsinu til eigenda 20-22 mánuðum eftir að framkvæmdir hefjast.

Unnt er að skoða teikningar af húsinu á skrifstofu samtakanna og á netsíðu Samtaka aldraða, www.aldradir.is Þeir sem áhuga hafa á að vera með í byggingarflokknum skili inn skriflegri umsókn fyrir 26. ágúst 2011 á skrifstofu samtakanna Síðumúla 29.

Umsóknar eyðublað fylgir með þessu fréttabréfi.





Væntanleg þjónustubygging og hjúkrunarheimili við Sléttuveg



Erling Garðar Jónasson skrifar:

Verkefni sem vefjast um færur máttarstólpa og annarra slíkra

I. Staðan í málefnum þjónustusels og hjúkrunarheimilis við Sléttuveg og lóðaumsóknar Skógarvegur 16 Reykjavík.

II. Lóð í Sunnuhlíð Kópavogi, staða.

III. Norðurbakki Hafnarfirði, staða.

Bréf sent borgarráði:

Borgarráð Reykjavíkurborgar.
B.t. Dags Eggertssonar formanns borgarráðs.
Ráðhúsi Reykjavíkurborgar við tjörnina í
101 Reykjavík

Rvk. 22.06.2011

Á fundi sem Samtök aldraðra átti með borgarstjóra Jóni Gnarr og borgarfulltrúunum Óttari Ólafi Proppé, Björk Vilhelmsdóttur, S. Björn Blöndal. var grennslast fyrir um stöðu lóðaumsóknar samtakanna um lóðina Skógarvegur 16 í Fossvogi.

Á fundinum var Guðmundur Hallvarðsson frá DAS og frá Samtökum aldraðra voru Ingólfur Antonsson, Ingvar Georgsson og Erling Garðar Jónasson.

Björk Vilhelmsdóttir borgarfulltrúi og formaður Velferðarráðs benti á að umsóknin yrði afgreidd af borgarráði en borgarráð hefði óskað umsagnar Velferðarráðs og Skipulags varðandi nýtingu greindrar lóðar og væru umsagnir beggja neikvæðar gagnvart nýtingu Samtaka aldraðra á lóðinni. Rétt er að greina frá því að umsóknin er ítrekun á umsókn um sömu lóð til borgarráðs þann 7. apríl 2007, en þá höfðu þeir Þjóðþekktu eftirlaunaáðilar sem höfðu haft viljrði fyrir lóðinni um nokkur ár, ákveðið að snúa sér annað með húsnæðisóskir sínar og sögðu samtökunum frá þeirri niðurstöðu sinni. Þessir heiðursmenn fengu meira segja með lánsloforði fyrir greiðslu gatnagerðargjalda, sem Samtökum aldraðra hefur aldrei verið boðið.

Rétt er að benda á að 68 umsóknir hafa borist í þennan væntanlega byggingarflokk samtakanna að Skógarvegi 16 sem eru samkvæmt bestu nýtingu 18 íbúðir, (hámarks íbúðarfjöldi lóðar eru 20 íbúðir samkvæmt deiliskipulagi).

Neikvæðni beggja umsagnaraðila þ.e. Velferðarráðs og skipulags gagnvart umsókn Samtaka aldraðra byggir á að ekki sé rétt að fjölga íbúðum fyrir aldraða á Sléttuvegshverfinu og fylgjandi ofangreindri röksemd umsagnaraðila er að nægilegt framboð sé af íbúðum fyrir eldri borgara í Reykjavík og er þar bent á íbúðir Eir og Grundar og reyndar einnig á íbúðir DAS í Boðarþingi í Kópavogi og að þess utan sé vöntun á litlum ódýrum íbúðum fyrir ungafólkið sem ekki fær lán í bankakerfinu, sem borgarstjórn beri að styrkja með lágu lóðarverði.

Þetta þykir Samtökum aldraðra fráleit niðurstaða, þá sérstaklega í ljósi þeirrar staðreyndar að lóðin hefur frá upphafi verið



ætluð eldri borgurum sem frá upphafi sinnar íbúðarþarfa hafa greitt markaðsvirði íbúða sinna og aldrei verið hlíft í þjónustugjöldum eða sköttum að hálfu borgarinnar.

Þá er eins og umsagnaraðilarnir séu búnir að gleyma því að fyrir allmörgum árum var ákveðið að byggja veglega þjónustumiðstöð í samvinnu við DAS og hjúkrunarheimilis í samvinnu ríkis og borgar í Sléttuvegshverfinu, en þótt þessar framkvæmdir hafi dregist úr hófi fram og núverandi íbúðareigendur við Sléttuveg hafi verið gróflega misboðið vegna svika borgaryfirvalda er óþarfi að hafi í frammí bann á fjölgun aldraðra á svæðinu. Nú vonum við að núverandi meirihluti sé laus við afgreiðslur mála á þann hátt að Jónu og Jóni sé gert mishátt undir fótum og afgreiði lóðaumsókn okkar í borgarráði jákvætt og í samræmi við gildandi skipulag svæðisins og án skelfilegra skilyrða sem fyrrverandi meirihluti borgarstjórnar 2009 setti um úthlutun lóða í Reykjavík til samtaka eldri borgara.

Þann 8.mars 2011 sendu Samtök aldraðra Ágústi Jónssyni skrifstofustjóra Framkvæmdarsviðs borgarinnar erindi um að Samtök aldraðra sækji um lóðina Skógarvegur 16 í Fossvogi til að byggja íbúðir fyrir eldri borgara með sama hætti og átt hefur sér stað á Sléttuvegi 11-13-19-21-23 og nr. 29-31.

Erindið var ítrekun á umsókn um sömu lóð til borgarráðs þann 7. Apríl 2007. Borgarráð svaraði samtökunum að erindið væri sent til yðar til athugunar og afgreiðslu.

Í viðræðum yðar og formanns samtakanna 6.mars sl. kom fram að áður en til afgreiðslu Reykjavíkurborg á umsókninni kæmi þyrftu Samtök aldraðra að fullnægja skilmálum fyrir úthlutun lóðarinnar fyrir fyrsta september 2011. Rétt er að taka fram að Samtök aldraðra hafa gefið félagsmönnum sínum, 60 ára og eldri kost á íbúð í þessum húsum, enda í samræmi við lög félagsins í langan tíma. Meðal annars var það heimilað þegar samtökin byggðu Dalbraut 16 árið 2003 í mikilli efnahagslægd að nýtingaraldurinn var færður niður í 50 ár. Meðalaldir íbúa í ofangreindum húsum eru rúmlega 83 ár.

Samtökin hafa átt afar farsælt samstarf við borgaryfirvöld í næsta fjóra áratugi og vandað mjög um öll hagsmunamál eldri borgara allan þann tíma.

Samtök aldraðra þakka innilega fyrir gott samstarf um leið og þau vænta farsælli niðurstöðu lóðamála og að Samtök aldraðra eigi minnst önnur fjögurtíu ár lífvænleg í Reykjavík.



Upphaf framkvæmda á Sléttuvegi 29-31.



Samtökin og málefni aldraðra

Minnisblað vegna fundar hjá borgarstjóranum í Reykjavík 15.06.2011.

Fundarmenn; Borgarstjóri Jón Gnarr, Borgarfulltrúar Óttar Ólafur Proppé, Björk Vilhelmsdóttir, S. Björn Blöndal. Frá DAS Guðmundur Hallvarðsson og frá Samtökum aldraðra Ingólfur Antonsson, Ingvar Georgsson og Erling Garðar Jónasson.

1. Rætt var um endanlegan frágang samnings DAS og Reykjavíkurborgar um byggingu og reksturs Þjónustusels fyrir aldraða, staðsett við Skógarveg sem þjóna á vesturhluta Fossvogs. Undirritun samnings milli aðila á næstu dögum.

Samtök aldraðra ber mikla virðingu fyrir myndarlegum rekstri Reykjavíkurborgar á þeim fjórtán þjónustuseljum sem starfrækt eru af Reykjavíkurborg og þakkar það góða starf. Byrjað var á þjónustustarfi að Norðurbrúnn og í Furugerði, en síðan í Lönguhlíð, við Dalbraut, Bólstaðarhlíð, Hvassaleiti, Vesturgötu 7 og Aflagranda. 1992 voru byggðar stöðvar við Sléttuveg, Hraunbæ og Hólmagarð og þjónustumiðstöðvar við Lindargötu og í Suðurmjódd komust í gagnið 1993 og 1994.

2. Þá var einnig rætt um að sameina krafta DAS og borgarinnar varðandi uppbyggingu 90 rýma hjúkrunarheimilis í samvinnu við ríkisvaldið. Greint heimilli er þá þegar inni á lista yfir hjúkrunarheimili sem byggja á upp á næstu árum. Samþykkt að vinna ötullega að framgangi málsins.

3. Samtök aldraðra beindi fyrirspurn til Bjarkar Vilhelmsdóttur formanns Velferðarráðs hver ástæðan væri fyrir starfslokum samstarfsnefndar um málefni eldri borgara sem starfaði á síðustu kjörtímabilum með m.a. þátttöku Samtaka aldraðra. Samtök aldraðra telja mjög misráðið að leggja nefndina niður og hvetja eindregið með áframhaldi samræðuhóps borgar og velferðafélaga eldri borgara, það er bráðnauðsynlegt að tengsl borgaryfirvalda og hagsmunahópa eldri borgara væru sterk. Fundurinn var því meðmæltur að nefndin yrði endurvakin.

4. Samtök aldraðra þótti rétt að grennslast fyrir um stöðu lóða-umsóknar samtakanna um lóðina Skógarvegur 16. Björk Vilhelmsdóttir borgarfulltrúi og formaður Velferðarráðs benti á að umsóknin yrði afgreidd af borgarráði en borgarráð hefði óskað umsagnar Velferðarráðs og skipulags varðandi nýtingu greindrar lóðar og væru umsagnir beggja neikvæðar gagnvart nýtingu Samtaka aldraðra á lóðinni. Rétt er að greina frá því á þessu minnisblaði að umsóknin er ítrekun á umsókn um sömu lóð til borgarráðs þann 7. Apríl 2007, en þá höfðu þeir Þjóðþekktu eftirlaunaaðilar sem höfðu haft viljrði fyrir lóðinni um nokkur ár, ákveðið að snúa sér annað með húsnæðisóskir sínar og sögðu samtökunum frá þeirri niðurstöðu sinni. Neikvæðni beggja umsagnaraðila gagnvart umsókn Samtaka aldraðra byggir á að



ekki sé rétt að fjölga íbúðum fyrir aldraða á Sléttuvegshverfinu, sem Samtökum aldraðra þykir fráleit niðurstaða þá sérstaklega í ljósi þeirrar staðreyndar að lóðin hefur frá upphafi verið ætluð eldri borgurum, meira segja með lánsloforði fyrir greiðslu gatnagerðargjalda, sem Samtökum aldraðra hefur aldrei verið boðið. Nú vona ég að núverandi meirihluti sé laus við afgreiðslur mála á þann hátt að Jónu og Jóni sé gert mishátt undir fótum og afgreiði lóðaumsókn okkar í borgarráði jákvætt og í samræmi við gildandi skipulag svæðisins Rétt er að benda á að 68 umsóknir hafa borist í þennan byggingarflokk sem eru 18 íbúðir (hámarks íbúðarfjöldi lóðar eru 20 íbúðir.).

5. Björk Vilhelmsdóttir hvatti Samtök aldraðra til að huga að framkvæmdum í nálægð Bólstaðarhlíðar húsanna. Samtök aldraðra eru á fullu við undirbúning þess.

II. Sunnuhlíðarmálið

Samningar eru í undirbúningi um nýtingu lóðar fyrir 28 íbúðir við Sunnuhlíð í Kópavogi: Rúmleg 200 félagar Samtaka aldraðra eru búsettir í Kópavogi. Sjá fyrstu síðu.


III. Norðurbakkamálið.

27-38 íbúðir. Er í hagkvæmis athugun.

Sérskilmálar um úthlutun lóða hjá Reykjavíkurborg.

Gert 02.06.2009.

Úthlutun lóða til félaga og samtaka eldri borgara fyrir íbúðir Reykvíkinga 67 ára og eldri. Meginmarkmiðið er að stuðla að uppbyggingu sérhannaðra íbúða á góðum kjörum fyrir eldri borgara í Reykjavík. Þjónustustig í íbúðunum getur verið mismunandi. Tryggja þarf að íbúðir sem byggðar eru verði áfram seldar á kostnaðarverði þegar þær skipta um eigendur. Hagur Reykjavíkurborgar er að eldri borgarar búi í húsnæði sem er sérhannað með tilliti til þarfa þeirra, þannig að fólkið geti búið sem lengst heima.



Formaður Samtaka aldraðra, Erling Garðar Jónasson.

1. kafli - lóðir

- a) Auk þessara sérskilmála gilda deiliskipulagsskilmálar og almennir lóða- og framkvæmdaskilmálar um úthlutun lóða.
- b) Af lóðum greiðist almennt gatnagerðargjald samkvæmt gjaldskrá. Ekki skal greiða sérstaklega fyrir byggingarréttinn.
- c) Úthlutun lóða er með kvöð þess efnis að um er að ræða íbúðir eldri borgara, þjónustu- og öryggisíbúðir þar sem tekið er mið af þjónustustigi íbúða og þjónustuþörf. Sjá meðfylgjandi skilgreiningar.
- d) Leigusamningur verður ekki gerður um lóðina fyrr en lokið hefur verið við að steypa sökkla og plötu húss og eftir atvikum einnig bílageymslu sem er neðanjarðar.
- e) Áður en úthlutun lóðar fer fram skulu aðilar sýna borgaryfirvöldum fram á fjárhagslega burði til þess að byggja íbúðir eldri borgara, þjónustu- og öryggisíbúðir sem úthlutun þessi fjallar um annaðhvort með yfirlýsingu fjármálastofnunar eða byggingarfélags sem borgaryfirvöld samþykkja.
- f) Engin fyrirheit eru um neins konar fjáframlög úr borgarsjóði til byggingar eða reksturs þjónustu- og öryggisíbúða á úthlutaðri lóð né þjónustumiðstöð.

2. kafli – íbúðir

- a) Í leigusamningi um lóðir skal vera kvöð þess efnis, að Reykjavíkurborg hafi rétt á að taka á leigu eða kaupa allt að 20% íbúða samkvæmt sérsamningi. Ganga skal frá leigusamningi eða kaupsamningi í hvert sinn sem nýtt hús er byggt, áður en



Varaformaður Samtaka aldraðra, Ingólfur Antonsson.

lóðarhafi ráðstafar íbúðum í því. Ef borgin kys að nýta ekki þennan rétt sinn nema að hluta (t.d. 10%) þá getur hún ekki krafist fleiri íbúða seinna.

- b) Í leigusamningi um lóðir skal vera kvöð þess efnis að sá sem hefur keypt íbúð eldri borgara, þjónustu- og/eða öryggisíbúð að tilhlutan Reykjavíkurborgar, félags og/ eða samtaka aldraðra skuli strax og hann vill selja, bjóða viðkomandi félagi eða samtökum eða Reykjavíkurborg (í þessari röð) að kaupa eignina. Ef þeir vilji ekki kaupa fyrir framreiknað kostnaðarverð (sbr. c-lið) þá sé honum heimilt að selja eignina til utanáðkomandi kaupanda. Aldursmörk (sbr. d-lið) gilda gagnvart kaupandanum og skal hann vera félagi í viðkomandi félagi eða samtökum aldraðra.
- c) Söluverð íbúða má aldrei vera hærra en kostnaðarverð hennar, að viðbættri verðhækkun samkvæmt vísitölu byggingarkostnaðar, en að frádreginni hæfilegri fyrningu eða 2% á ári.
- d) Í þessum skilmálum er miðað við að eldri borgari hafi náð 67 ára aldri. Heimilt er að gera undantekningu frá þessu ef ástæða þyki til.
- e) Þær íbúðir sem Reykjavíkurborg kaupir eða leigir samkvæmt a-lið verður úthlutað samkvæmt mati Reykjavíkurborgar þar sem tekið er tillit til líkamlegs og andlegs heilsufars umsækjanda, aldurs, félagslegra aðstæðna og húsnæðisstöðu.
- f) Samtök eða félög eldri borgara sem fá úthlutað lóðum skulu setja sér reglur um úthlutun á kauprétti.



Áskorun til borgarráðs frá fundi umsækjanda um íbúð að Skógarvegi 16 í Fossvogi 30.06.2011.

Fundurinn skorar á borgarráð Reykjavíkurborgar að samþykkja umsókn byggingarsamvinnufélags Samtaka aldraðra um lóðina á þeim kjörum og skilmálum sem gilt hafa um lóðaúthlutun til velferðafélaga eldri borgara í Reykjavík fram til þessa.

Það er kristalklárt að auka verður samráð og samstarf Samtaka aldraðra og borgaryfirvalda og skoða hvar mögulegt og hentugt sé að staðsetja sérhæfðar byggingar fyrir eldri borgara í næstu framtíð. Þetta er vandasamt verk, því staðsetning hlýtur að taka mið af þjónustugetu í næsta nágrenni slíkra bygginga og að umhverfið allt uppfylli ýrtruðu kröfur um aðgengi og útivist. Ljóst er að 500-600 félagar Samtaka aldraðra bíða tækifæris að taka þátt í byggingarframkvæmdum sem Samtök aldraðra standa fyrir eða kaupum á endursöluíbúð. Framkvæmdin við Sléttuveg 29-31 er því aðeins 10% áfangi. Framkvæmdirnar hingað til hafa skilað þeim árangri að eftirspurnin er mikill, en líklega einnig vegna þeirra framkvæmdarskilyrða og kvaða sem um getur í samþykktum Samtaka aldraðra. Stjórnin hefur á grundvelli ábendinga frá Reykjavíkurborg, sent umsóknir til borgarinnar fyrir 4 lóðum, en þær eru við Skógarvegur 16, Bústaðarveg (gamla Fákssvæðið), í Skerjafirði, á lóð sem Skeljungur hafði áður og á Selás-svæði sem er á svæði 110 en þar er hugsuð kjarnabyggð fyrir aldraða. Fyrirverandi formaður borgarráðs hefur í nefnt við samtökin, suður hlíðar Úlfarsfells, þar sem mögulegt er að skipuleggja kjarnabyggð eldri borgara líkt og er við Sléttuveg. Umsóknir hafa

legið fyrir hjá borgarráði, en engin endanleg svör hafa borist.

Við undirrituð skorum einnig á borgaryfirvöld að flýta sem mest má framkvæmdum við Þjónustusel sem Reykjavíkurborg hyggst reka í væntanlegri byggingu DAS við Skógarveg í Fossvogi, ásamt með byggingu hjúkrunarheimilis í samvinnu við heilbrigðisyfirvöld.

Ljóst er að beðið er að óþreyju hjá öldruðum í Sléttuvegshverfinu eftir efndum loforða um greindar framkvæmdir.

Þá hafa Samtökin lagt fram hugmyndir um þéttingu öldrunahverfis við þjónustumiðstöð Bólstaðarhlíðar með allt að 90 íbúðum fyrir aldraða við hlið núverandi þjónustusels og við vonum að borgaryfirvöld vinni ötullega við undirbúnings þess.

Með virðingu, Fundarmenn.

Fundarmenn auk forystumanna samtakanna voru eftirtaldir:

María Ríkharðsdóttir
Hrannar Hróbjartsson
Sigurjón B Sigurjónsson
Jóhanna S Vilmundardóttir
Dóra Ágústsdóttir
Magnús Magnússon
Kristján Ólafsson
Sigurður G Sigurðarson
Hjörleifur Ólafsson
Benny Ólafsdóttir
Sveinn Viðar Jónsson
Rakel Viggósdóttir
Sverrir Helgason
Árni Njálsson
Kristín Helgadóttir
Stefán Aðalsteinsson
Ólöf Haraldsdóttir

Marít Davíðsdóttir
Ólafur P Sveinsson
Pálmi Kr. Jóhannsson
Ólafía J Bjarnadóttir
Pétur Sigurðsson
Sveinn G. Jónsson
Einar Ólafsson
Emilía G Jónsdóttir
Ingibjörg Jóhannsdóttir
Jóhann Kröyer
Einar Lútersson
Rut Sigurðardóttir
Björgvin H Björgvinsson
Erla Ásgeirsdóttir
Ásdís Jakobsdóttir
Sigurlaug J Ríkharðsdóttir
Marsibil F Tómasdóttir

Jens P Clausen
Jón Guðmundsson
Björg Hjálmarsdóttir
Reimar Einarsson
Margræti Valdimarsdóttir
Pétur Jónsson
Einar B Gunnlaugsson
Hanna Garðarsdóttir
Jón Ágústsson
Sigurður Kjartansson
Eyrún Gunnarsdóttir
Pórður Pórðarson
Sigurður Pétursson
Elín Ágústsson
Karl Jónsson
Bergþóra Skúladóttir
Erla Sigurðardóttir

Herborg Halldórsdóttir
Hreggviður Þorgeirsson
Þuríður Ingólfsdóttir
Ásmundur Eyjólfsson
Guðbjörn Magnússon
Stefán Sigurbjörnsson
Karen Nielsdóttir
Benney Ólafsdóttir
Guðrún R Guðmundsdóttir
Magnús Sigurðsson
Jason Guðmundsson



Sölulisti notaðra íbúða



Aflagrundi 40

AFLAGRANDI 40, ÍBÚÐ 301

3ja herbergja íbúð á 3ju hæð, merkt 03-01 er til sölu. Íbúðin er 80,1 m². Sérgeymsla 3,5 m² er innan íbúðar og í kjallara er einnig sérgeymsla. Á stofu og gangi er eikarparket. Korkflísar eru á svefnherbergi, herbergi, eldhúsi og geymslu. Vinyldúkur á baði. Eldhúsinnrétting er með ljósum hurðum, beykikantlímdar. Borðplötur úr beyki. Electrolux eldavél, fjórar hellur. Wirpool vífta yfir eldavél. Innihurðir og fataskápar eru spónlagðir með beyki spæni. Í baðherbergi er innrétting með innbyggðri handlaug. Veggir eru klæddir með veggdúk. Tengi er fyrir þvottavél. Sturtuhorn úr áli og plasti. Svölum er lokað með einföldu gleri. Gólfíð er flísalagt. Sameiginlegt þvottahús er á jarðhæð með þvottavél og þurrkara.

Framreiknað verð er kr 23.190.000,-.

AFLAGRANDI 40, ÍBÚÐ 303

2ja herbergja íbúð merkt 0303 á 3.hæð á Aflagranda 40 er til sölu. Íbúðin er 69,1m² að stærð. Vínyl-dúkur með parket-áferð er á gólfum í stofu, eldhúsi, svefnherbergi og gangi. Baðherbergið er með innréttingu með innbyggðri handlaug, veggdúk á veggjum, sturta, á gólfi er vinyldúkur og tengi fyrir þvottavél. 2.geymslur fylgja íbúðinni önnur innan íbúðar sem er með korkflís um á gólfi og hillur ca.9 m. Hin geymslan í kjallara. Svalir eru ekki yfirbyggðar, gólfíð málað. Sameiginlegt þvottahús með þvottavél og þurrkara eru á jarðhæð hússins. Húsgjöld þessara íbúðar er 16.453,- pr. mánuð. Húsvörður er í húsinu.

Framreiknað verð kr. 23.116.000-

AFLAGRANDI 40, ÍBÚÐ 502

2ja herbergja íbúð á 5. hæð, merkt 05-02 er til sölu. Íbúðin er 69,1 m². Sérgeymsla 3,5 m² er innan íbúðar og í kjallara er einnig sérgeymsla. Á stofu, eldhúsi og gangi er eikarparket. Parket þarfnast lagfæringar. Korkflísar á herbergjum og geymslu. Vinyldúkur á baði. Eldhúsinnrétting, hurðir hvítar með beykikantlímingu. Borðplötur úr beyki. Electrolux eldavél. Innihurðir og fataskápar eru spónlagðir með beyki spæni. Í baðherbergi er innrétting með innbyggðri handlaug. Veggir eru klæddir með veggdúk. Tengi er fyrir þvottavél. Sturtuhorn úr áli og plasti. Hitastýrð blöndunartæki eru í sturtu. Svalir eru lokaðar með gleri í álprófilum. Gólfíð er flísalagt. Sameiginlegt þvottahús er á jarðhæð með þvottavél og þurrkara. Glæsilegt útsýni er í austur og suður.

Framreiknað verð er kr 20.320.000,-.

AFLAGRANDI 40, ÍBÚÐ 1005

2ja herbergja íbúð á 10. hæð, merkt 10-05 er til sölu. Íbúðin er 69,0 m². Sérgeymsla 3,5 m² er innan íbúðar og í kjallara er einnig sérgeymsla. Á stofu, herbergi, svefnherbergi, eldhúsi, gangi og geymslu eru korkflísar. Vinyldúkur á baði. Eldhúsinnrétting, hurðir hvítar með beykikantlímingu. Borðplötur úr beyki. Electrolux eldavél. Innihurðir og fataskápar eru spónlagðir með beyki spæni. Í baðherbergi er innrétting með innbyggðri handlaug. Veggir eru klæddir með vinyldúk. Tengi er fyrir þvottavél. Sturtuhengi er í sturtuhorni. Hitastýrð blöndunartæki eru í sturtu. Svalagólfíð er flísalagt. Svölum er lokað með einföldu gler í álrómmum. Sameiginlegt þvottahús er á jarðhæð með þvottavél og þurrkara. Glæsilegt útsýni er í vestur og norður.

Framreiknað verð er kr 20.420.000,-.



Sölulisti notaðra íbúða



Dalbraut 18

DALBRAUT 18, ÍBÚÐ 303

2ja herbergja íbúð á 3. hæð, merkt 03-03 er til sölu. Íbúðin er 64,5 m². Geymslur eru innan íbúðar og í kjallara. Á stofu, eldhúsi, svefnherbergi, gangi og geymslu er eikarparket. Vinyldúkur á baði. Eldhúsinnrétting og fataskápar eru með ljósum hurðum kantlímdu með beyki. Innihurðir eru spónlagðir með beyki spæni. Í baðherbergi er innrétting með innbyggðri handlaug. Veggir eru klæddir með veggdúk. Tengi er fyrir þvottavél. Sturtuhorn úr áli og gleri. Electrolux eldavél með fjórum hellum. Sameiginlegt þvottahús með þvottavél og þurrkara er í kjallara.

Framreiknað verð er kr 19.720.000,-.



Sléttuvegur 11-13

SLÉTTUVEGUR 11, ÍBÚÐ 202

2ja herbergja íbúð á 2. hæð, merkt 02-02 er til sölu. Íbúðin er 69,6 m². Sérgeymsla, 5,5 m², er á sömu hæð og íbúðin. Á stofu, svefnherbergi, eldhúsi og gangi er beykiparket. Farið er að sjá á parketti í stofu og eldhúsi. Korkflísar eru á geymslu. Á gólfi baðherbergis er vinyldúkur. Allir sýnilegir fletir í eldhúsi eru plastlagðir. Hurðir er kantlímdu með beyki. Innihurðir og skápar eru spónlagðir með beyki. Í eldhúsi er keramik helluborð, bakaraofn og vifta af gerðinni Scholtes. Allt upprunalegt. Veggir í baðherbergi eru dúklagðir að lofti. Handlaug í baðherbergi er innbyggð í innréttingu. Slá er fyrir sturtuhengi. Tengimöguleiki er fyrir þvottavél á baðherbergi. Sameiginlegt þvottahús með þvottavél og þurrkara er á 1. hæð. Svölum er lokað að hluta með gleri í álstoðum.

Framreiknað verð er kr 19.920.000,-.



Sléttuvegur 11-13

SLÉTTUVEGUR 13, ÍBÚÐ 503

2ja. herbergja íbúð á 5. hæð, merkt 05-03 er til sölu. Íbúðin er 69,6 m². Sérgeymsla, 5,5 m², er á sömu hæð og íbúðin. Á stofu, svefnherbergi, eldhúsi, gangi og geymslu er línolíum dúkur. Á gólfi baðherbergis er vinyldúkur. Allir sýnilegir fletir í eldhúsi eru plastlagðir. Hurðir er kantlímdu með beyki. Innihurðir og skápar eru spónlagðir með beyki. Í eldhúsi er keramik helluborð, bakaraofn og vifta af gerðinni Scholtes. Allt upprunalegt. Veggir í baðherbergi eru dúklagðir að lofti. Handlaug í baðherbergi er innbyggð í innréttingu. Sturtuklefi úr hertu gleri. Tengimöguleiki er fyrir þvottavél á baðherbergi. Sameiginlegt þvottahús með þvottavél og þurrkara er á 1. hæð. Svölum er lokað að hluta með gleri í álstoðum.

Framreiknað verð er kr 20.740.000,-.

Umsókn um íbúð

Ég, undirritaður félagsmaður í Samtökum aldraðra, hef áhuga á að vera byggjandi að íbúð í húsinu við Kópavogstún 2-4, Kópavogi, sem *Samtök aldraðra* hefja byggingu á.

Nafn: _____ **Kt.** _____

Nafn maka: _____ **Kt.** _____

Heimilisfang: _____ **Póstnr.** _____

Ég, undirritaður, er skuldlaus við *Samtök aldraðra*, hef undirritað inntökubeiðni í samtökin og er samþykkur samþykktum þess.

ATH. Haldinn verður fundur með áhugasömum félögum þar sem lagðar verða fram allar nauðsynlegar upplýsingar þar með talið verð.

Félagi í samtökum aldraðra frá dags: _____

Móttekið, Samtök aldraðra, dags: _____

Allra síðasti skiladagur umsóknar er: Föstudagurinn 26. Ágúst 2011 fyrir kl 14:00

